

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Siglufjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Siglufjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9—12 og 13.30—18.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. marz 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

19. marz 1973.

Nr. 96.

AUGLÝSING

um takmörkun veiða á norska vorgotssíldarstofninum.

1. gr.

Með hliðsjón af 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hafa ríkisstjórnir Íslands, Noregs og Sovétríkjanna gert með sér samkomulag um takmörkun veiða á norska vorgotssíldarstofninum á árinu 1973. Efni samkomulags þessa er birt í 2.—5. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Veiðar á hinum kynþroska hluta norskrar vorgotssíldar skulu vera bannaðar á aflaskýrslusvæðum Alþjóðahafrannsóknaráðsins nr. I, II og V b frá þeim degi, sem samningur þessi tekur gildi til 31. desember 1973. Svæði þessi eru sérstaklega afmörkuð á uppdrætti, er prentaður er með auglýsingu þessari.

Bann þetta gildir ekki um veiðar í rannsóknaskyni, sem gerðar eru á vegum fiskveiðiyfirvalda til að fá vitneskju um stofninn og göngur hans.

3. gr.

Hlutaðeigandi ríki skuldbinda sig til að takmarka veiðar á smásíld og millisíld á aflaskýrslusvæði Alþjóðahafrannsóknaráðsins nr. I og II, þannig að þær verði ekki meiri en 26% af því magni, er viðkomandi lönd veiddu 1969 skv. þeim aflaskýrslum, sem fyrir liggja.

4. gr.

Hlutaðeigandi ríki gera ráðstafanir til að ákvæðum 2. og 3. greinar verði framfylgt og skulu tilkynna hvort öðru í hverju slíkar ráðstafanir séu fólgnar.

5. gr.

Ábyrgar stofnanir hlutaðeigandi ríkja skulu senda hver annarri aflaskýrslur mánaðarlega, ef samanlagður aflfi fer yfir 100 smálestir.

6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot refsingum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960 og 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 40 25. febrúar 1972 um takmörkun veiða á norska vorgotssildarstofninum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. marz 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

